

BORGARRÁÐ 4. júlí 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um borgarlínu - R19070046

Í allri þessari umræðu um borgarlínu er afar margt loðið og óljóst og sumt eiginlega óskiljanlegt. Þess vegna vill borgarfulltrúi freista þess að koma með nokkrar fyrirspurnir: 1.Hvar á götunni á borgarlínan/vagnarnir að aka? Á miðri götu eða hægra megin? 2.Hvers lags farartæki er hér um að ræða? Sporvagn, hraðvagnar á gúmihjólum, annað? 3.Hvað marga km. verður línan? 4.Hvað þarf marga vagna í hana? 5. Á hvaða orku verður hún keyrð? 6. Hver á að reka hana? Strætó? Ríkið? Sveitarfélög? Allir saman? Aðrir? 7. Hvar er hægt að sjá rekstrar- og tekjuáætlun borgarinnar fyrir borgarlínu? 8. Hvað myndi kannski kosta að reka 400 til 500 vagna? 9. Hvað þýðir þetta í skattaálögum á almenning?